

Til að staðfesta grun um gin- og klaufaveiki þarf að taka a.m.k. 6 þekjuvefssýni og 20 blóðsýni eða úr öllum dýrum ef þau eru færri en 20 Þekjuvefur úr ferskum blöðrum eða sárum eru bestu sýnin

Sýnatökur

- Hafið samband við Tilraunastöðina á Keldum áður en sýni eru tekin (585-5100).
- Takið bút af þekjuvef á stærð við fingurnögl, ef ferskar blöðrur eða sár eru til staðar, og setjið í veiruflutningsvökva (glycerol og 0.04M PBS (phosphate-buffered saline), 50/50 blöndu, pH 7.4).
- Takið vökva úr blöðru ef hann er tiltækur. Hann má flytja í venjulegu hreinu sýnaglas ef stutt er á rannsóknarstofu en þarf annars að setja í veiruflutningsvökva.
- Blóðsýni skulu tekin í blóðsýnaglas með rauðum tappa (sermi).

Merkingar og flutningur

- Merkið vandlega öll sýni. Gætið þess að þau séu þannig merkt að þau megi rekja bæði til einstaks grips og bú.
- Setjið sýnin í plastpoka, úðið plastpokann að utan með sóttþreinsiefni og setjið í annan plastpoka (leggið rakadrægan pappír með). Úðið seinni pokann að utan með sóttþreinsiefni og setjið í þriðja pokann. Úðið ysta pokann að utan með sóttþreinsiefni og setjið í kælibox. Lokið kæliboxinu vel, þvoið það vandlega með sápu og dýfið í sóttþreinsilög áður en farið er af búinu.
- Fyllið út rannsóknarbeiðnieyðublað Keldna með öllum nauðsynlegum upplýsingum og númerum allra sýna. Setjið eyðublaðið í plastpoka og límið á kæliboxið. Ef eyðublaðið er fyllt út á búinu þarf að taka af því mynd og skilja það svo eftir á búinu (blaðið er ekki hægt að sóttþreinsa).
- Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun:

Tilraunastöð HÍ að Keldum

Keldnavegi 3

112 Reykjavík

Sími 585-5100

Sýnatökur miðað við aldur sára

Gerð sýnis	Flutningur	Sár <3-4 daga gömul	Sár >3-4 daga gömul
Þekjuvefur (epithelium)	Veiruflytningsvökvi	Já	Nei
Blóðvökvi (sermi)	Blóðsýnaglas með rauðum tappa	Já	Já

Varðandi ónæmissvör

- RNA veirunnar er líklegt til að vera til staðar í blóðvökva einum til tveimur dögum áður en einkenni koma fram. Veiran hverfur úr blóðinu þegar mótefnin hafa myndast u.þ.b. þremur til fjórum dögum eftir að einkenni koma fram.
- Mótefnatíterinn hækkar frá fjórða degi eftir að einkenni koma fram og því getur verið gagnlegt að mæla mótefni í dýrum með gömul sár.

Myndband: FMD collecting diagnostic samples (EuFMD)

<https://www.youtube.com/watch?v=bVwgS5USvic>